

21. mars 1983

251

Nr. 146

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 12. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. mgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 6 000 000,00 fyrir hvert ökutæki. Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu skal váttryggingarfjárhæðin þó vera kr. 12 000 000,00.

Ákvörðun þessi gildir frá 23. mars 1983 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 156 26. mars 1982 um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

18. mars 1983

Nr. 147

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt.

1. gr.

3. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasöluastaða og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, er samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti skv. 2. tl. þessarar greinar eða með öðrum hætti að viðbætti meðaltalssmásoúalagningu á þessar vörur. Telst meðaltalssmásoúalagningin vera 25% í þessu sambandi. Skal þessum aðilum heimilt að leggja 25% ofan á innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla og draga innkaupsverðið ásamt þeirri viðbót frá heildarveltu áður en söluskattskil eru gerð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 10/1960 með síðari breytingum öðlast gildi 1. apríl 1983 og kemur til framkvæmda við söluskattsuppgjör vegna sölu eða afhendingar sem á sér stað eftir þann tíma.

Fjármálaráðuneytið, 18. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.